

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2020/2021.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. janúar 2021 til og með 22. febrúar 2021. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu. Sé flottroll geymt á flottrollstromlu skal poki trollsins fjarlægður og geymdur sérstaklega í veiðarfærageymslu.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals ~~33.388~~ 41.808 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands norðan 64°30'N.

Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

4. gr.

Norskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

Fjöldi norskra skipa, sem samtímis fá leyfi til að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkast við 30 skip.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 7. gr.

6. gr.

Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímastir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina.

8. gr.

Skipstjórum norskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægðar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í norsk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók.

Skipsdagbók.

Mælibréfi.

Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

9. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunar, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

10. gr.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.